


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 3	Áfangaheiti LÍOL2SS05	
	Námsáætlun vorönn 2016	

Kennari	Hannesína Scheving	Sk.st.	HAN
	Börkur Már Hersteinsson		BÖR

LÍOL2SS05. Líffæra og lífeðlisfræði

Að nemandi hafi yfirlit yfir byggingu mannlíkamans og grundvallarskilning á starfsemi hans. Að nemandi þekki starfsemi frumna, vefjagerðir, helstu líffæri og líffærakerfi og geri sér grein fyrir samspili í viðhaldi á samvægi í líkamanum. Að nemendur hafi staðgóða þekkingu á byggingu og starfsemi þekjukerfis, beinakerfis, vöðvakerfis, taugakerfis, og innkirtlakerfis. Í áfanganum er farið yfir latnesk heiti líffæra og líkamshluta.

Forkröfur: Engar

Þekkingarmið:


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- byggingu mannlíkamans og grundvallar skilningi á starfsemi hans
- starfsemi frumna, vefjagerða, helstu líffæra og líffærakerfa og gera sér grein fyrir samspili þeirra í viðhaldi á samvægi í líkamanum
- byggingu og starfsemi beinakerfis, vöðvakerfis, taugakerfis og innkirtlakerfis. Hafa staðgóða þekkingu á byggingu þessarra kerfa.
- Latneskum heitum líffæra og líkamshluta

Leikni og hæfniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni og hæfni í að:

- Þekkja latnesk heiti helstu líkamssvæða og skilja hvernig heitin eru notuð til að lýsa áttum í líkamanum.
- Þekkja byggingu og starfsemi frumna og samskipti þeirra við utanfrumu umhverfið.
- Geta útskýrt hugtakið líkamsvefur, þekkja fjóra megin vefjaflokka líkamans og helstu einkenni þeirra, skiptingu þeirra í undirflokka og geta útskýrt á hverju flokkunin byggist.
- Geta gert grein fyrir byggingu og starfsemi húðar og líffæra hennar.
- Kunna skil á byggingu beinagrindarinnar og svæðaskiptingu og þekkja latnesk heiti einstakra beina og mikilvægustu beinhluta.
- Þekkja frumbyggingu beinagrindarvöðva og geta útskýrt samdráttarferilinn til hlítar.
- Geta gert grein fyrir orkubúskap vöðva.
- Þekkja skiptingu vöðvakerfis í vöðvahópa, latnesk heiti helstu vöðva líkamans og geta gert grein fyrir hreyfingu þeirra.
- Þekkja flokkun taugakerfisins eftir byggingu og starfsemi.
- Geta rakið feril boðspennu.
- Þekkja byggingu mænunnar og geti rakið einfalt mænuviðbragð.
- Þekkja byggingu og svæðaskiptingu heilans og þekki meginhlutverk hvers svæðis.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 09		
Dags.: 06.06 2015		
Höfundur: HRS		
Síða 3 af 3		
Áfangaheiti LÍOL2SS05		
Námsáætlun vorönn 2016		

Námsmat	Lýsing	Vægi
Próf Annarpróf	Þrjú próf verða á önninni sem hvert um sig gildir 18% ATH: Ekki er boðið upp á auka próf vegna fjarveru nemenda. Efni þess prófs og vægi bætist við næsta próf sem tekið er.	54% (3x18%)
Vinnu-einkunn Heimaverkefni (HV)	Heimaverkefni eru átta . Hvert og eitt gildir 3,5%. Þau eru á MOODLE og þarf að vinna þau í tölvum heima eða í tölvum skólans.	28%
Tímaverkefni (TV)	Tvö tímaverkefni verða á önninni sem gilda hvort 2,5%.	5%
Töfluvinna	Mynd úr vinnubók er varpað á töflu og nemandi þarf að fylla inn rétt latínuheiti með hjálp vinnubókar	5%
Vinnubók	Vinnubók skilað á seinni hluta annarinnar (6%) MERKJA INNÁ OG LITA myndirnar í vinnubókinni (2%)	8%

Forsendur fyrir einkunn:

Nemandi verður að ná a.m.k. **4,5** í meðaleinkunn úr annarprófunum, og ekki lægra en **3** í hverju prófi til þess að vetrareinkunn gildi til lokaeinkunnar.

Nemandi verður að ná **5** fyrir töfluvinnuna til þess að fá vinnubók metna

- Nemandi verður kallaður upp á töflu að minnsta kosti einu sinni á önninni til að fylla inn á mynd úr vinnubók
- Ef nemandi gerir það **ekki** á fullnægjandi hátt er hann kallaður upp aftur seinna á önninni en getur ekki fengið meira en 5 fyrir töfluvinnuna
- Ef nemandi leysir verkefnið ekki á viðunandi hátt fær hann 0 fyrir töfluvinnuna og 0 fyrir vinnubókina

Hvert heimadæmi gildir **3,5%** og er opið í viku. Gilda þau öll til lokaeinkunnar að því tilskyldu að nemandinn hafi náð viðunandi einkunn úr annarprófum (sjá ofar)

- Í lok annar verður opnað fyrir heimadæmin aftur í tvo daga fyrir þá sem misst hafa af einhverju þeirra

ATH: ef aðstæður breytast gæti þurft að endurskoða áætlunina og réttur til þess er áskilinn.

Dagsetning: *18. janúar 2016*


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils